

ars Baldvins Guðmundssonar hrm., er ákveðast kr. 100.00. Ákærður Magnús Gíslason greiði málsvagnarlaun til skipaðs talsmanns síns, Eggerts Claessen hrm., er ákveðast kr. 65.00. Kostnað við gæzluvarðhald sitt greiði ákærðir hver um sig. Annan kostnað sakarinnar greiði ákærðir allir in solidum. Málið hefir verið rekið vitalaust.

Því dæmist rétt vera:

Ákærður Magnús Þórðarson sæti betrunarhúsvinnu í 2 ár.

Ákærður Magnús Gíslason sæti betrunarhúsvinnu í 2 ár.

Ákærður Karl Guðmundsson sæti betrunarhúsvinnu í 8 mánuði.

Kostnaður sakarinnar greiðist þannig:

Ákærðir Magnús Þórðarson og Karl Guðmundsson greiði málsvagnarlaun til skipaðs talsmanns síns, Einars B. Guðmundssonar hrm., kr. 100.00, in solidum.

Ákærður Magnús Gíslason greiði málsvagnarlaun til skipaðs talsmanns síns, Eggerts Claessen hrm., kr. 65.00.

Ákærðir greiði hver um sig kostnað við gæzluvarðhald sitt.

Ákærðir greiði in solidum allan annan kostnað sakarinnar.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 23. maí 1938.

Nr. 61/1934. **Ingveldur Einarsdóttir**

(Stefán Jóh. Stefánsson)

gegn

Magnúsi Guðmundssyni (Enginn).

Barnsfaðernismál.

Dómur hæstaréttar.

Mál þetta hefir verið flutt skriflega samkvæmt 1. tölulið 38. gr. hæstaréttarlaganna.

Áfrýjandi, sem skotið hefir máli þessu til hæstaréttar með stefnu 23. apríl 1934, krefst þess, að úrslit málsins verði látin velta á sönnunareiði sínum og að stefndi verði, með því fororði, að hún vinni eiðinn, dæmdur til að greiða henni málskostnað í hér-aði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Eftir uppkvaðningu hins áfrýjaða dóms hefir réttarrannsókn í málinu verið tekin upp að nýju samkvæmt úrskurði hæstaréttar frá 25. janúar 1935 og hefir verið tekin vitnaskýrsla af frú Guðnýju S. Guðmundsdóttur frá Bildudal, fósturu áfrýjanda. Er frásögn Guðnýjar á þá leið, að áfrýjandi, sem fór til Reykjavíkur í janúar 1933, hafi komið heim aftur á öndverðu sumri sama ár og verið þá barnshafandi. Hafi áfrýjandi þá þegar tilnefnt stefnda sem föður að barni því, er hún gekk með. Í nóvember 1933 fór Guðný með áfrýjanda til Reykjavíkur til þess að leita stefnda upp og fann hún, þ. e. Guðný, hann að máli hjá konu þeirri, Helgu Helgadóttur, sem greiddi fyrir upphaflegri kynningu aðilja máls þessa. Þegar Guðný krafði stefnda sagna um afskipti hans af áfrýjanda, synjaði hann þess í fyrstu, að hann þekkti áfrýjanda, en er á samtalið leið, segir Guðný, að hann hafi orðið æfur og komizt svo að orði: „Það stendur ekkert heima við þann tíma, er eg var með stúlkunni.“

Eftir að þessi skýrsla Guðnýjar var fengin, kvaddi héraðsdómarinn stefnda fyrir rétt að nýju og yfirheyrði hann allrækilega. Viðurkenndi stefndi þá að hafa látið sér um munn fara við Guðnýju hin tilvitnuðu orð, en synjaði allt að einu fyrir það að hafa haft holdlegt samræði við áfrýjanda. Var frásögn stefnda við þetta réttarpróf hvikul og um margt í ósamræmi við fyrri framburð hans í málinu.

Að athuguðum framangreindum atriðum svo og

því, að upplýst er, að málsaðiljar hafa verið í tvö skipti ein saman í herbergi Helgu Helgadóttur á þeim tíma, þegar barn áfrýjanda gat hafa komið undir, og að stefndi hefir viðurkennt að hafa í annað skiptið aflæst herberginu, þegar þau höfðust þar við tvö ein, þá verður að telja, að til styrktar málstað áfrýjanda séu framkomnar nægilegar líkur til að láta málið velta á eiði hennar, sbr. 15. gr. laga nr. 46 frá 1921 og nú 213. gr. laga nr. 85 frá 1936. Er þá samkvæmt tilefni því, sem felst í málsskjölunum, athugandi, hvort áfrýjandi sé eiðhæf.

Um vitsmuni hennar er það upplýst, að héraðsdómarinn telur hana sljóa, og að erfitt sé að fá hana til að svara spurningum, sem til hennar sé beint. Þá hafa nokkrar konur, sem þekkja áfrýjanda, gefið vottorð þess efnis, að áfrýjandi sé andlega miður sín og lýsi annmarki hennar aðallega sér í því, að hún eigi erfitt með að gera grein fyrir hugsunum sínum. Út af þessu hefir dr. Helgi Tómasson yfirlæknir átt viðtal við áfrýjanda og lýsir hann skynsemd hennar þannig, að hún sé í viðtali róleg, í meðallagi skýr, ekki haldin skyn- eða dómvillum, svo áberandi sé. Tal hennar sé einfeltnislegt, en tæplega svo, að um augljósan vanþroska sé að ræða. Hún heyri nokkuð illa og látbragð hennar sé áþekkast látbragði þeirra manna, sem illa heyra. Með hliðsjón af þessari umsögn yfirlæknisins verður að telja áfrýjanda hæfa til að vinna eið í málinu.

Samkvæmt framansögðu eiga úrslit málsins að velta á eiði áfrýjanda, þannig að ef hún vinnur, eftir löglegan undirbúning, innan fjöggra vikna frá birtingu dóms þessa, á varnarþingi samkvæmt 166. gr. laga nr. 85 frá 1936 eið að því, að hún hafi haft hold-

legt samræði við stefnda á tímabilinu frá 20. janúar til 15. marz 1933, þá skal hann talinn faðir að sveinbarni því, er áfrýjandi ól þann 8. nóvember 1933, enda greiði stefndi þá meðlag með barninu og áfrýjanda barnsfararkostnað eftir úrskurði yfirvalds. Þá skal og stefndi greiða áfrýjanda málskostnað bæði í héraði og fyrir hæstarétti, samtals kr. 200.00. Ef áfrýjanda hins vegar verður eiðfall, þá á stefndi að vera sýkn af kröfum hennar í máli þessu, enda falli þá málskostnaður í héraði og fyrir hæstarétti niður.

Á máli þessu hefir orðið mjög mikill dráttur eftir að héraðsdómurinn gekk í því þann 22. janúar 1934. Málið var upphaflega lagt í dóm í hæstarétti þann 21. janúar 1935, en með úrskurði hæstaréttar, uppkveðnum 25. s. m., var mælt fyrir um framhaldspróf í málinu. Þessi próf fóru fram þann 19. nóvember 1935, og var útskrift síðan af þeim afgreidd af héraðsdómaranum 22 s. m. til hæstaréttarmálflutningsmanns Stefáns Jóhanns Stefánssonar, sem flytur mál þetta fyrir áfrýjanda. En af misgáningi voru skjölin lögð til hliðar á skrifstofu hans, og hvarf málið úr minni hans, þangað til hann fyrir ári síðan varð skjalanna aftur var. Þrátt fyrir þann drátt, sem þá var orðinn, hefir téður hæstaréttarmálflutningsmaður ekki fyrr en 16. þ. m. lagt málið í dóm í hæstarétti. Fyrir hinn þarflausa og óhæfilega drátt málsins verður að sekta greindan hæstaréttarmálflutningsmann samkvæmt 3. tölulið 188. gr. laga nr. 85 frá 1936, og þykir sektin, sem renna skal í ríkissjóð, hæfilega ákveðin kr. 40.00, sem afplánist með 4 daga einföldu fangelsi, ef hún verður ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Því dæmist rétt vera:

Ef áfrýjandi, Ingveldur Einarsdóttir, vinnur innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa og eftir löglegan undirbúning eið að því á varnarþingi samkvæmt 166. gr. laga nr. 85 frá 1936, að hún hafi á tímabilinu frá 20. janúar til 15. marz 1933 haft holdlegar samfarir við stefnda, Magnús Guðmundsson, þá skal hann talinn faðir barns þess, sem áfrýjandi ól þann 8. nóvember 1933, enda greiði þá stefndi meðlag með barninu og áfrýjanda barnsfararkostnað eftir úrskurði yfirvalds. Ef áfrýjandi vinnur eiðinn, þá greiði stefndi henni samtals kr. 200.00 í málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti.

Ef áfrýjanda verður eiðfall, á stefndi að vera sýkn af kröfum hennar í málinu, enda falli þá málskostnaður í héraði og fyrir hæstarétti niður.

Stefán Jóhann Stefánsson hæstaréttarmálflutningsmaður greiði 40 króna sekt til ríkissjóðs, sem afplánist með 4 daga einföldu fangelsi, ef hún verður ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 22. janúar 1934.

Þann 8. nóvember 1933 ól um borð á e/s Brúarfoss ógift stúlka, að nafni Ingveldur Einarsdóttir, til heimilis á Bildudal, sveinbarn, að þyngd 2800 grömm, lengd 48 cm. og höfuðmál 31—34, og verður það að teljast tæplega fullburða. Föður að þessu barni sínu tilnefndi barnsmóðirin Magnús

Guðmundsson, Njálsgötu 33 hér í bænum. Hann hefir ekki viljað kannast við faðernið, og er því mál þetta höfðað gegn honum, samkv. kröfu barnsmóður, sem krefst þess, að hann verði dæmdur faðir barnsins, til að greiða meðlag með því og barnsfararkostnað, svo og styrk til sin fyrir og eftir barnsburð samkv. úrskurði yfirvalds, og auk þess máls-kostnaðar að skaðlausu.

Kærandi hefir haldið því fram, að hún hafi kynnt kærð-um í janúarmánuði 1933 í húsi því, er hún þá dvaldi í, sem var á Njálsgötu 33 hér í bænum. Bjó kærandi þar á efri hæðinni, en kærður, sem þá bjó á Bragagötu 32, hafði þjón-ustu hjá fólki því, sem bjó á neðri hæðinni, Helgu nokkurri Helgadóttur og manni hennar Vigfúsi. Kærandi hefir haldið því fram, að fyrstu viðkynni, sem hún hafi haft við kærð-an, hafi orsakast þannig, að fyrrgreind Helga hafi komið til sín og sagt sér, að kærður vildi finna sig, hafi hún farið niður og inn í stofu, þar sem kærður var. Síðan kveður hún, að Helga hafi farið út, en kærður læst dyrunum og sam-ræðið síðan byrjað. Kveður hún, að samræði þetta hafi farið fram gegn vilja sínum, en þó hafi hún ekki kallað á hjálp, enda hafi kjarkurinn bílað. Kærandi hefir tekið það fram, að hún hafi haft holdlegt samræði við kærðan í ein þrjú til fjögur skipti í allt, án þess þó að hún hafi getað til-greint tímann nánar. Hinsvegar hefir hún eindregið mót-mælt því, að hún hafi haft holdlegt samræði við nokkurn annan karlmann en kærðan. Kærður hefir játað það, að hann hafi kynnt kæranda á þeim stað, er hún hefir til-greint, og heldur hann því fram, að hann hafi aðeins tvisvar sinnum séð hana og hafi hann í þau skipti átt tal við hana inni í stofu fyrrgreindrar Helgu. Kveður hann, að Helga þessi hafi eitt sinn, er hann kom þar, leitt það í tal við sig, að það væri vestfirzk stúlka uppi á loftinu, hvort hann vildi ekki sjá hana, en sjálfur er hann frá Patreksfirði. Hafi Helga þá kallað á stúlkuna, sem kom niður, og fóru þau öll inn í íbúð Helgu, en hún fór því næst út, en kom inn eftir nokkra stund. Þó játar hann, að hann hafi verið í annað skipti í þessari sömu stofu, ásamt kæranda, en hann neit-ar því, að það hafi verið eftir sinni beiðni, heldur hafi Helga sagt sér það, að kærandi hafi beiðið hana að láta sig vita, þegar kærður kæmi þangað. Kærður hefir með öllu neitað því, að hann hafi hitt kæranda í önnur en þessi tvö

skipti, og sömuleiðis hefir hann með öllu neitað því, að hann hafi nokkru sinni haft holdlegt samræði við kæranda. Kærður hefir játað það, að hann hafi í eitt skipti, er hann var í íbúð Helgu, lokað hurðinni, þegar kærandi var þar inni.

Fyrrgreind Helga Helgadóttir, sem hefir mætt í réttinum við rannsókn þessa máls, hefir borið það, að sér hafi verið kunnugt um það, að kærandi og kærður hafi tvisvar hitzt í íbúð sinni. Hafi þau hitzt í ganginum og gengið eitt-hvað út saman. Hefir hún haldið því fram, að hún hafi náð í kæranda í tvö skipti eftir ósk kærða.

Það, sem upplýst er í máli þessu, er aðeins það, að kærandi og kærður hafi kynnt á Njálsgötu 33 um það leyti, er barna þetta getur verið getið, auk þess sem upplýst er, að þau hafa verið a. m. k. í tvö skipti ein saman í íbúð Helgu Helgadóttur, sem þar bjó þá, og að kærður hafi í eitt skipti lokað hurðinni, þar sem þau voru tvö ein inni. Hinsvegar er það ósannað, að þau hafi haft holdlegt samræði og blóðrannsókn sú, sem fram fór undir rekstri málsins hefir á engan hátt getað gefið neinar upplýsingar.

Af þessum ástæðum verður ekki annað hægt en að láta úrslit þessa máls vera komin undir eiði annarhvors aðilans. Enda þótt að telja mætti, að kærandi hefði líkurnar frekar með sér en kærður, þá verður þó ekki talið fært að láta hana hafa eiðinn, þegar tekið er tillit til þess, hversu erfitt það reyndist í réttarprófunum að fá umsögn hennar um einstök atriði í sambandi við mál þetta, svo og umsagnir ýmsra manna, sem fram hafa verið lagðar í máli þessu, og sem verður að telja þess eðlis, að andlegur þroski kæranda sé á alllágu stigi.

Af framansögðu verða því úrslit að vera komin undir eiði kærðs, þannig, að synji hann fyrir það með eiði eftir löglegan undirbúning á varnarþingi sinu innan 60 daga frá lögbirtingu dóms þessa, að hann hafi haft holdlegt samræði við kæranda á tímabilinu 17. janúar 1933 til 2. apríl 1933, þá skal hann vera sýkn af kröfum kæranda í máli þessu, en málskostnaður falli niður.

Vinni hann hinsvegar ekki svofelldan eið, skal hann teljast faðir sveinbarnsins, þá greiði hann og meðlag með barninu svo og barnsfaðerniskostnað og styrk til barnsmóður fyrir og eftir barnsburð, samkv. úrskurði yfirvalds,

þá og málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn 20 krónur.

Á máli þessu hefir enginn óþarfa dráttur orðið.

Þvi dæmist rétt vera:

Synji kærður, Magnús Guðmundsson, fyrir það með eiði, eftir löglegan undirbúning á varnarþingi sínu, innan 60 daga frá lögbirtingu dóms þessa, að hann hafi haft toldlegt samræði við kæranda, Ingveldi Einarsdóttur, á tímabilinu 17. janúar 1933 til 2. apríl 1933, þá skal hann sýkn vera af kröfum kæranda í máli þessu, og málskostnaður falli niður.

Vinni kærður hinsvegar ekki svofelldan eið, skal hann teljast faðir að barni því, er kærandi ól þann 8. nóvember f. á. Þá greiði hann og meðlag með barninu, barnsfararkostnað og styrk til barnsmóður fyrir og eftir barnsburð, samkvæmt úrskurði yfirvalds, svo og 20 krónur í málskostnað.

Dóminum skal fullnægt að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 23. maí 1938.

Nr. 135/1937. **Valdstjórnin** (Eggert Claessen)

gegn

Hirti Guðbrandssyni

(Stefán Jóh. Stefánsson).

Áfengis og bifreiðalagabrot.

Dómur hæstaréttar.

Maður sá, sem kærði kveður hafa veitt sér áfengi á Hótel Ísland aðfaranótt 29. júlí f. á., hefir ekki verið krafinn vitnisburðar í málinu um það, hvers konar eða hversu mikils áfengis kærði hafi neytt hjá honum. Eftir frásögn kærða var áfengisneyzla hans mjög lítil, en hann hefir þó viðurkennt að hafa fund-